

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 18. desember kl. 13:00 var haldinn 346. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur. Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks var fjarverandi.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerð SF 345 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.

*Hlé gert á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur,
vegna fundar Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf.*

2. Lögð fram yfirlýsing endurskoðenda um samþykki stjórnar fyrir hlutafjárukningu Orkuveitu Reykjavíkur Eigna. Samþykkt samhljóða.

Fundur hófst að nýju kl. 13:10.

3. Klukkan 13:10 mætti Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Ásgeiri Westergren og Gísla Birni Björnssyni og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Umræður. Gerð grein fyrir lántöku frá Norræna fjárfestingabankanum. Stjórn samþykkir heimild til forstjóra og framkvæmdastjóra fjármála til að draga 50 milljónir USD á lánið.

Brynja lagði jafnframt fram svohljóðandi tillögu, dags. 18. 12. 2023 um skammtíma lánasamning við Carbfix hf. tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) heimilar að OR framlengja skammtímalánasamning við Carbfix hf. til 31.03.2024.
Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til.*

4. Brynja lagði fram og kynnti minnisblað dags. 18. 12. 2023 vegna rýni arðgreiðslustefnu. Lagðar eru til óverulegar breytingar á stefnunni. Umræður. Stefnan rýnd og samþykkt með breytingartillögunni.

Brynja, Ásgeir og Gísli yfirlögðu fundinn kl. 13:20.

5. Klukkan 13:20 mættu til fundarins Hallur Símonarson, Ingunn Ólafsdóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir frá innri endurskoðun og gerðu grein fyrir úttekt á stjórnarháttum miðlun upplýsinga innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem unnin var að beiðni stjórnar Ljósleiðarans frá 16. janúar 2023 og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 27. mars 2023. Jafnframt lagt fram bréf innri endurskoðanda, dags. 29.11.2023. Umræður.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir óskar bókað:
[tekið út vegna trúnaðar]

Lögð fram starfsskýrsla innri endurskoðunar, dags. í nóvember 2023.

Klukkan 14:30 yfirlit Hallur, Ingunn og Bryndís fundinn.

6. Klukkan 14:45 mætti til fundarins Dagmar I. Birgisdóttir, leiðtogi áhættustjórnunar, lagði fram og greindi frá rekstraráhættuskýrslu samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.
7. Klukkan 14:50 lagði Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri fram og kynnti að nýju drög að skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Skýrslan rýnd og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir situr hjá.
8. Klukkan 15:05 mættu Árni Gunnar Andrason og Símon Þorleifsson til fundarins og greindu frá hagkvæmniathugun um möguleg kaup OR á rafmagnsbor til borunar vinnsluhola. Umræður.
9. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 14. 12. 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. 11. 2023.
10. Jafnframt lagt fram minnisblað, dags. 13. 12. 2023 vegna rýni upplýsingatæknistefnu. Lagt er til að stefnan verði óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.
11. Lögð fram starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2024. Umræður. Samþykkt samhljóða.
12. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.
Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 11.12.2023
Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ehf. dags. 22.11.2023
Minnisblöð framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 23.11 og 14.12.2023
Fundargerðir stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 19.10 og 23.11.2023
Minnisblöð framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 22.11 og 14.11.2023
Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 20.10 og 6.11.2023
13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 18 12. 2023. Umræður.
14. Klukkan 16:30 mætti Halldór Haraldsson frá Brú Strategy og kynnti framsetningu á stefnumörkun stjórnar. Forstjóri lagði stefnuna fram að nýju með endurskoðaðri tillögu, dags. 18. 12. 2023 um stefnustraum varðandi kolefnishlutleysi, orkuframleiðslu og orkunýtni. Stefnan borin upp og samþykkt samhljóða með framangreindri breytingu. Umræður.
15. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:00

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. janúar 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðsson.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 27. nóvember kl. 13:00 var haldinn 345. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Línadal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 343 og 344 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.

2. Klukkan 13:00 mættu Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Örnú Vigdísí Jónsdóttur og Bryndísi Maríu Leifsdóttur og gerðu grein fyrir 9 mánaða uppgjöri og fjármögnun. Umræður.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða.

Rekstraráhættuskýrsla samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. 11. 2023 lögð fram.

3. Klukkan 13:45 mættu Helga Kristín Jóhannsdóttir, viðskiptaþróunarstjóri Jarðhitagarðs og Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og greindu frá verkefnum í Jarðhitagarði ON. Umræður.

Guðveig Eyglóardóttir mætti til fundarins kl 14:00.

4. Klukkan 14:05 lagði Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri fram og kynnti drög að skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Afgreiðslu frestað.

5. Klukkan 14:15 mætti Þráinn Friðriksson, leiðtogi hitaveitu hjá Rannsóknnum og nýsköpun til fundarins og greindi frá stefnuverkefni um framtíðarsýn forðamála í Rangárveitu. Umræður. Þráinn yfirgaf fundinn kl. 14:45.

6. Klukkan 14:45 mætti fulltrúi KPMG, Steinþór Pálsson til fundarins og gerði ásamt forstjóra grein fyrir stöðunni í stefnumótun að teknu tilliti til umræðna stjórnar.

Steinþór Pálsson yfirgaf fundinn klukkan 15:10.

Þá mættu til fundarins Hólmfríður Haraldsdóttir, sérfræðingur í orkumiðlun, Margrét Lilja Hrafnkelsdóttir, viðskiptaþróunarstjóri og Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri frá Orku náttúrunnar og gerðu grein fyrir minnisblöðum um orkuskort og um eftirspurn eftir raforku. Umræður um stefnumörkun stjórnar.

Hólmfríður, Margrét og Árni yfirgáfu fundinn kl 16:00.

7. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 23. 11. 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. 11. 2023.

8. Lagðar fram að nýju frá síðasta fundi, dags. 28. 10. 2023, arðsemisstefna, arðgreiðslustefna og áhættustefna Orkuveitu Reykjavíkur.

Arðssemis- og áhættustefna lögð fram og rýnd. Lagt til að stefnurnar séu samþykktar óbreyttar. Samþykkt samhljóða.

Arðgreiðslustefna lögð fram með tillögu um breytingu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Jafnframt voru lagðar fram til staðfestingar stefnur um upplýsingaöryggi og persónuvernd og upplýsingatæknistefna.

Stefnurnar rýndar og samþykktar óbreyttar.

9. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Carbflix hf. dags. 31.10.2023

Fundargerð stjórnarfundar Carbflix hf. dags. 21.09.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 22.11.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 11.10.2023

10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. 11. 2023. Umræður.

11. Önnur mál.

- Forstjóra er veitt umboð til að boða reglulegan eigendafund að höfðu samráði við handhafa eigendavalds um tímasetningu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:43.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 18. desember 2023.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi: Brynja Kolbrún Pétursdóttir
Dagsetning: 18. desember 2023
Efni: **Rýni á arðgreiðslustefnu**

Á eigendafundi OR 9. desember 2022 voru teknar fyrir eftirtaldar stefnur til staðfestingar eigenda:

Arðsemisstefna OR, sbr. samþykkt stjórnar OR 31. október 2022, lögð fram til staðfestingar, með breytingatillögum. Benedikt K. Magnússon kynnti stefnuna og skilyrðin sem í henni felast. Stefnan samþykkt samhljóða. *Með breytingum.*

Arðgreiðslustefna OR, sbr. samþykkt stjórnar OR 31. október 2022, lögð fram til staðfestingar, óbreytt. Benedikt K. Magnússon kynnti stefnuna og arðgreiðsluskilyrðin sem í henni felast. Stefnan samþykkt samhljóða. *Án breytinga.*

Þess ber að geta að tillaga að breytingu á FFO vaxtaþekju var lögð fyrir stjórn OR 27. júní 2022 og samþykkt á stjórnarfundi 22. ágúst 2022. Breytingin fól ekki í sér breytingu á arðgreiðslustefnu en var talin betur samræmast skilgreiningu á FFO vaxtaþekju í arðgreiðslustefnunni.

Reglubundinn rýni á þessum stefnum fyrir árið 2023

- *Arðsemisstefna* OR er lögð fram óbreytt.
Rök: Stefnan var rýnd ítarlega fyrir ári síðan og ekki hafa komið upp ástæður til að breyta núverandi stefnu.
- *Arðgreiðslustefna* OR er lögð fram með breytingum og fylgir með sem fylgiskjal.

Tillögur að breytingum á arðgreiðslustefnu eru óverulegar en taka mið af því með hvaða hætti arðgreiðslutillaga hefur verið mótuð. Breytingunum er þannig ætlað að skýra og styðja betur þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð við gerð arðgreiðslutillögu:

- Nú er vísað til þess að arðgreiðslur ógni ekki aðeins fjárhagsstöðu félagsins heldur einnig lánshæfi. Breytingin snýr að því að félagið hafi traustan og greiðan aðgang að fjármagnsmörkuðum á hagkvæmum kjörum.
- Nú er vísað til þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ekki ógnað til framtíðar að teknu tilliti til óvissuþátta. Óvissuþættir eru hér hugsaðir í víðu samhengi, t.a.m. í þeim tilgangi að við mótun arðgreiðslutillögu sé horft til, og teknir til greina, óvissuþættir sem samstæðan stendur frammi fyrir. T.a.m. að tekið sé tillit til óvissu tengd hlutafjár aukningu tveggja félaga samstæðunnar líkt og gert var við mótun arðgreiðslutillögu vegna afkomu ársins 2022.

- Nú er vísað til nýjustu fjárhagsspár í stað fjárhagsáætlunar. Hér er verið að horfa til þess að þegar arðgreiðslutillagan er mótuð er ljóst að forsendur samþykkrar fjárhagsspár hafa breyst auk þess sem rauntölur síðastliðins árs liggja fyrir. Því er lagt til að horft sé til nýjustu fjárhagsspár sem endurspeglar breytingar frá samþyktri fjárhagsspá og tekur tillit til raun niðurstaðna síðastliðins árs.
- Vísun í meðaltal þriggja ára er fjarlægð þar sem meðaltalið gerir erfiðara um vik að ákvarða viðeigandi fjármögnun og arðgreiðslur fyrir einstök ár. Með því að horfa til einstakra ára í stað meðaltals er einnig horft til þess að arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt fyrir sérhvert ár.
- Texti um að skilyrði gildi frá og með 2019 er fjarlægður þar sem hann hefur enga merkingu fyrir stefnuna í dag.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 346
Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja og Snorri J. Egilsson, sérfræðingur í loftslags- og umhverfismálum
Dagsetning: 14. desember 2023
Efni: Umhverfismál fyrir stjórn OR 18. desember 2023. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“

Heiti mælikvarða	2020				2021				2022				2023			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt																*
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt																**
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*4.ÁF: Óhreinsað skólp í sjó

**4.ÁF: Bilun eða stöðvun í lofthreinsistöð, utanvegaakstur á Hellsisheiði

Athugið: Minnisblaðið mun taka breytingum í kjölfar heildarstefnumótunar OR.

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

Elliðaár:

- Vinna við endurbýggingu laxateljaramannvirkisins hefur gengið vel og öllum framkvæmdum í ánni er lokið.
- Rennsli í Elliðaánum hefur þrisvar farið undir rennismörk vegna íssöfnunar. Mikill grunnstingull er í Elliðavatni sem safnast fyrir á yfirfalli Elliðaárstíflu og við laxastigann sem þar er. Þegar viðvörun berst er farið á staðinn og botnlokar stíflunnar opnaðir til að tryggja rennsli í Elliðaánum. Þegar grunnstingull hefur verið tekinn og rennsli á yfirfalli tryggt þá eru botnlokar opnaðir aftur. Áframhaldandi eftirlit verður haft með íssöfnun við stífluna. Tilkynnt.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakílsárvirkjun og Skorraddalsvatn: Ekkert nýtt.

Jarðvarmavirkjanir:

- Stöðvun varð á báðum þjöppum lofthreinsistöðvar við Hellsisheiðarvirkjun 16. - 20. nóvember vegna lagnavinnu. Tilkynnt.
- Rennsli á yfirfall við Hellsisheiðarvirkjun 22. nóvember - 2. desember vegna bilunar í lágþrýstiveitu. Tilkynnt.

Samskipti við hagsmunaaðila: Fundað var með verktaka vegna aksturs utan vega. Framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins baðst innilega afsökunar á athæfinu. Starfsmaður þeirra hafði verið ávítaður nokkrum sinnum en hefur nú verið sagt upp störfum. Verktakinn mun hefjast handa við lagfæringar þegar aðstæður leyfa með tilliti til snjólaga og frosts í jörðu. Umhverfis- og landgræðslustýra ON mun leiðbeina þeim við lagfæringarnar.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

VEITUR:

Vatnsveita: Þrjár bílar fóru út af vegi innan Heiðmerkur, líklega vegna hállu. Lögreglu og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur var tilkynnt um atvikin. Reykjavíkurborg sandaði veginn.

Hitaveita: Ekkert nýtt.

Rafveita: Ekkert nýtt.

Fráveita: Óhreinsað skólp var losað um neyðarlúgu við Skeljanes 5. og 7. desember vegna viðhalds á stjórnþúnaði. Tilkynnt.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

CARBFIX: Ekkert nýtt.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

Það sem af er 2023 hefur styrkur brennisteinsvetnis verið undir mörkum.

Loftslagsmál

- Dagana 11.-12. desember sl. gerði Bureau Veritas (BV) forúttekt á þeirri aðferðafræði sem liggur að baki loftslagsbókahalds samstæðu OR. Úttektin gekk vel og fékk OR hrós fyrir sérlega vel unnið loftslagsbókahald. BV mun gera lokaúttekt á bókhaldinu í febrúar nk.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl: Ekkert nýtt.

Mat á umhverfisáhrifum ofl: Skipulagsstofnun hefur sett í kynningu matsáætlun um vinnslu- og rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum (suður). Frestur til að skila umsögnum og athugasemdum er til 22. janúar nk.

Þekkingarmiðlun:

- Um áramótin tekur gildi ný flokkun úrgangs hjá fyrirtækjum. Undirbúningur er langt kominn og fjallað hefur verið um úrgangsmæðhöndlun í pistlum á Workplace. [Hér er slóð á flokkunarhandbók fyrirtækja.](#)
- Veitur hafa sett af stað tilraun til að koma vinnufatnaði í endurnotkun eða endurvinnslu. Þetta er sannarlega verðugt verkefni til að draga úr soun og efla framhaldslíf efnis af miklum gæðum.
- Fulltrúar frá OR, ON og Carbfix tóku þátt í loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP28, í Dubai í byrjun desember sl..

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri
Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir
Dagsetning: 23.11. 2023
Efni: **Minnisblað auðlindir og nýsköpun**

Staða leyfismála fyrir rannsóknir á nýjum svæðum í Hengli

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt að auglýsa bæði skipulags- og matslýsinguna vegna aðalskipulagsbreytingar í Hverahlíð II og Meitlum og tillögu að deiliskipulagi í Meitlum. Skipulags- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins hafði í tvígang frestað afgreiðslu þessara erinda á þeim forsendum að ekki væri ljóst hvernig áform OR féllu að Orku- og auðlindastefnu sveitarfélagsins.

Umsókn hefur verið send til Orkustofnunar um rannsóknarleyfi fyrir þetta svæði með fyrirheit um forgangs að nýtingarleyfi. Umsóknin nær til þess hluta rannsóknarsvæðisins sem fellur utan afmörkunar nýtingarleyfis OR.

Rannsóknarleyfi í Ölfusdal

Vinna að umsókn OR um rannsóknarleyfi í Ölfusdal stendur yfir í samstarfi við sveitarfélagið Ölfus og orkufélagið Títan. Fyrirhugað er að senda umsóknina til Orkustofnunar á næstunni eftir nánara samtal við bæjarstjórn Hveragerðis. Tilgangur rannsóknar sem sótt er leyfi fyrir er að afla upplýsinga til að meta fýsileika þess að setja upp varma- og rafmagnsvirkjun í Ölfusdal. Slík virkjun, ef fýsileg, gæti hjálpað til við að mæta vaxandi eftirspurn eftir raforku og bætt rekstraröryggi og tryggja vaxtarmöguleika hitaveitunnar í Hveragerði. Þegar niðurstöður úr rannsóknum liggja fyrir verður hægt að meta hvort ON/Veitur/Títan-Ölfus vilji hefja samstarf um virkjun og þá með hvaða hætti.

Ný vinnsluhola við Nesjavallavirkjun

Orka Náttúrunnar hefur nýlokið borun vinnsluholu á Nesjavöllum til að viðhalda gufu- og skiljuvatnsforða við virkjunina. Mælt dýpi holunnar er 1900 m og var hún boruð í gegnum nokkur lek jarðlög sem þykja vænleg til vinnslu. Mælingar í borun og við borlok benda til að það sé talsverð lekt í holunni sem gefur til kynna að holan gæti nýst sem góð vinnsluhola. Holan er núna í upphitun og þegar hún hefur náð fullum hita verður hún prófuð og afkastamæld. Reiknað er með að tenging við virkjunina fari fram um mitt næsta ár.

Rannsóknir á nýjum svæðum fyrir Hitaveitur Veitna - Hitastigulsrannsóknir

Unnið er að undirbúningi hitastigulsrannsókna við Borg á Mýrum fyrir HAB, á Kjalarnesi norðanverðu og Álftanesi fyrir hitaveitu höfuðborgarsvæðisins og á Ási og Hárlaugsstöðum í Ásahreppi fyrir Rangárveitu.

Að lokum skal nefna að mikil áhersla er á aukna orkuframleiðslu, bæði fyrir rafmagnsframleiðslu og hitaveitu. Eitt af forgangsverkefnum RON á nýju ári er að kanna hvaða möguleika við höfum til að flýta þeim kostum sem eru nú þegar á teikniborðinu OR.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi: Sæmundur Friðjónsson
Dagsetning: 13.12.2023
Efni: **Upplýsingatæknistefna OR**

Efni minnisblaðsins er árleg rýni á Upplýsingatæknistefnu OR (STE-085). **Ekki eru lagðar til neinar breytingar á stefnunni.**

Stefnan er hnitmiðuð og liggur til grundvallar í þeim upplýsingatækniverkefnum sem samstæðan vinnur að.

Upplýsingatæknistefna OR (STE-085)

Orkuveita Reykjavíkur lítur á upplýsingatækni sem mikilvægan þátt í að styðja við rekstur fyrirtækisins og nauðsynlegan þátt í virðiskeðju þess. Upplýsingatæknistefna varðar hagnýtingu á upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækisins þar sem kerfi, þjónusta og tækninýjungar skulu vera öflug stoð við þau markmið sem fyrirtækið hefur sett sér.

Gagnaöryggi er mikilvægur þáttur í rekstri upplýsingakerfa og er lögð áhersla á áreiðanlegar upplýsingar sem nýttar eru til stýringar, þjónustu og ákvarðanatöku.

Það er stefna OR í upplýsingatækni að:

- kerfi og gögn séu áreiðanleg, aðgengileg og örugg
- heildaryfirsýn á upplýsingatækni sé á einum stað
- rekstur upplýsingatækni sé eins hagkvæmur og kostur er
- notendur upplýsingatækni hafi greiðan aðgang að þjónustu sem taki mið af þörfum þeirra hverju sinni
- styðja við frumkvæði og nýsköpun

Upplýsingatæknistefna OR byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Helstu verkefni

Á árinu hefur staðið yfir endurskoðun á fjárhagskerfi samstæðunnar þar sem skoðaðar hafa verið nokkrar sviðsmyndir. Sú staða sem samstæðan er í varðandi þjónustu á núverandi kerfi getur ekki talist ásættanleg þar sem þjónustan er af skörum skammti. Því hefur verið horft til þess að nýta þekktar lausnir sem styðja vel við ferla OR og er þjónustað af fleirum en einu fyrirtæki hér á landi. Niðurstaða og ákvörðun um framhaldið ætti að liggja fyrir snemma vors 2024.

Um mitt ár 2023 var farið í vegferð að færa áætlunarkerfi samstæðunnar í skýjaþjónustu. Áætlunarkerfið heitir Prophix og gekk yfirfærsla virkilega vel. Samhliða yfirfærslunni var

ákveðið að nýta Prophix enn frekar og innleiða sem uppgjörskerfi. Sú vinna hefur staðið yfir á haustmánuðum og gengið mjög vel.

Áframhaldandi vinna hefur verið við innleiðingu á verkefnastýringalausninni Vitanum sem samstæðan hefur sameinast í að nýta í verkefnastýringu og sem verkefnaskrá. Samhliða innleiðingu á lausninni hófst vinna við samþættingu Vitans við fjárhagskerfið þar sem hægt er að sýna áætlunar- og rauntölur niður á verkefni.

Snjallmælaverkefni Veitna hefur verið í gangi allt árið og verður áframhald á þeirri vinnu á árinu 2024. Hafa ferlar verið endurskoðaðir og aðlagðir þannig að hægt sé að fara í frekari framþróun á komandi árum.

OR samstæðan hefur verið í framþróunarverkefnum þar sem RPA (e. robotic process automation) tækni hefur verið nýtt og má segja að sú tækni nýtist vel í ákveðinni ferlavinnu. Áframhald verður á þessari vegferð okkar þar sem við viljum nýta nýja tækni sem best og einfalda handvirka vinnslu.

Farið var í tvö stór upplýsingaöryggisverkefni á árinu þar sem bætt var við lausn til að sinna betur veikleikaskoðun á útstöðvum og öðrum búnaði. Einnig var innleidd lausn sem fylgist með netumferð, hegðun endabúnaðar og skýjalausna allan sólahringinn. Ef um óeðlilega hegðun er að ræða er gripið til ráðstafana. Telja verður að um stór skref sé að ræða í netöryggismálum samstæðunnar.

Tilkynnt var um öryggisbrest í byrjun október á mínum síðum Veitna og On þar sem innskráður notandi gat kallað eftir reikningum annara notenda með handahófskenndum hætti. Hvaða reikningur birtist var þó hafahófskennt þannig að ekki var hægt að kalla eftir reikningi ákveðins viðskiptavinar. Skv. verkferlum OR var málið tilkynnt til Persónuverndar og annara hagaðila. Búið er að rötargreina atvikið og setja af stað úrbótaáætlun um lagfæringar á því sem betur má fara. Lærdómurinn sem við drögum af þessu atviki er að mikilvægt er að auka fræðslu framlínufólks á upplýsingaöryggi og í hvaða farveg tilkynning sem þessi ætti að fara.

Skýjvegferð OR og dótturfélaga hélt áfram á árinu og er það vilji okkar að nýta skýjaþjónustur sem allra mest. Búið er að setja fram skýjastefnu þar sem tekið er á áherslum samstæðunnar þegar kemur að hagnýtingu skýjalausna.

Farið var í verkefni með Carbflix sem snýr að því að færa starfsfólk og þeirra tækniumhverfi yfir nýjan „tenant“. Verkefnið gekk undir nafninu „lauskúplun Carbflix“ og má líkja þessu við að útbúa herbergi fyrir fjölskyldumeðlim í bílskúrnum. Viðkomandi má nýta sér allt sem er heima fyrir en hefur ákveðið sjálfstæði í bílskúrnum. Þarna erum við að undirbúa framtíðina þannig að Carbflix sé vel sýnilegt út á við og einnig með það fyrir augum að geta aðskilið starfsemina frá OR að fullu.

Á komandi ári verður mikið rætt um gervigreind eða spunagreind og höfum við lagt töluverða vinnu í að kortleggja næstu skref samstæðunnar í þeirri vegferð og hvernig OR samstæðan getur hagnýtt sér þessa tækni. Það er nokkuð ljóst að samstæðan þarf að vera í stakk búin til að taka á móti þeirri byltingu sem spunagreindin býður uppá.

Þessu til viðbótar eru ýmis verkefni sem hafa verið unnið, bæði rekstrartengd verkefni sem og umbreytingarverkefni sem eiga eftir að styðja við okkur á næstu árum.

Mælingar

Neðangreind tafla sýnir dæmi um mælikvarða sem styðja við upplýsingatæknistefnu OR.

	Markmið	2022	2023
Starfsánægja*	4,5	4,24	4,31
Uppitími lykilverfa	99,70%	99,73%	98,86%
Endurheimt gagna	100%	100%	100%
Rafrænar undirritanir	>2500	2895	4018**

*skv. vinnustaðgreiningu Maskínu – niðurstöður birtar í janúar ár hvert.

**Mæling í desember 2023

STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR OR FYRIR ÁRIÐ 2024

1. ársfjórðungur	2. ársfjórðungur	3. ársfjórðungur	4. ársfjórðungur
Fundargerðir staðfestar.			
ÖHV mál.			
Staða umhverfis- og auðlindamælikvarða.			
Fjármál og áhættuskýrsla.			
Upplýsingar úr dótturfélögum.			
Skýrsla forstjóra um starfsemi samstæðunnar milli funda.			
Ársreikningur - umfjöllun og staðfesting	Árshlutauppgjör - Þriggja mánaða	Árshlutauppgjör - Sex mánaða	Árshlutauppgjör - níu mánaða
Skýrsla og greinargerð ytri endurskoðanda	Aðalfundur - dagskrá og tillögur	Fjárhagsáætlun	
Skýrsla innri endurskoðanda	Kynning á ársskýrslu félagsins	Skýrsla innri endurskoðanda	Starfsáætlun stjórnar fyrir hvert rekstrarár (almanaksár)
Skýrsla regluvarðar		Starfsreglur stjórnar	
Umhverfisskýrsla			Framfylgd eigendastefnu
Starfskjarastefna			
Starfsdagur stjórnar			
Mat á störfum stjórnar og störfum forstjóra og kjörum		Starfsdagur stjórnar	
Þema Umhverfismál	Þema Starfsmannamál	Þema Viðskiptavinir (þjónusta, gæði)	Þema Fjármál og rekstur
Tilfallandi á fundum stjórnar:			
Staðfesting ákvarðana sem stjórn tekur milli funda			
Fyrirspurnir og svör sem afgreidd eru milli funda			

Dagsetning	Fastir liðir
22. janúar 2024	Rýni heildarstefnu OR. Lykilverkefni: Ábyrg og sjálfbær nýting náttúrugæða. Staða auðlinda og forða, Hera.
26. febrúar 2024 *Ársuppgjörið samþykkt á símafundi.	Rýni innkaupstefnu. Drög að ársreikningi 2023. Skýrsla ytri endurskoðanda. Innkaupayfirlit. Kynning á tillögu að arðgreiðslu til eigenda
8. mars 2024 símafundur	Ársuppgjör samstæðu OR, OR móðurfélags og OR eigna til samþykktar
25. mars 2024	Rýni mannauðsstefnu, jafnréttistefnu, siðareglna og starfskjarastefnu. Mat á störfum stjórnar og störfum og kjörum forstjóra.
Apríl 2024	Aðalfundur og ársfundur.
22. apríl 2024	Rýni gæðastefnu. Lykilverkefni: Eftirsóknarverður vinnustaður. Yfirsýn yfir stöðu mála varðandi mannauð og menningu og tryggja að markmið í jafnréttis- og öryggismálum séu í heiðri höfð (tímasetning í tengslum við rýni starfsmannastefnu). Ellen og Reynir. Lykilverkefni: Til fyrirmyndar í umhverfismálum. Áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi samstæðunnar. Hólmfríður
27. maí 2024	Rýni ÖH stefnu. F1 (3m) árshlutauppgjör. Innri endurskoðandi og endurskoðunarnefnd.
24. júní 2024	Rýni sjálfbærnistefnu.
26. ágúst 2024	Lykilverkefni: Til fyrirmyndar í umhverfismálum. Loftslagsmál (Orkuskipti og aðrar aðferðir við að ná markmiðinu “kolefnisjöfnuð starfsemi 2030) og önnur umhverfismál (tímasetning í tengslum við rýni umhverfisstefnu og faghópur hjá ON um sporlausu starfsemi hefur lokið störfum). Hólmfríður H1 (6m) árshlutauppgjör. Innri endurskoðandi og endurskoðunarnefnd.
23. september 2024	Rýni stefnu um upplýsingaöryggi, persónuvemd og upplýsingatækni-stefnu. Lykilverkefni: Góð og örugg þjónusta. Næg geta hitaveitu. Sólrún Fjárhagsspá 2025 til Reykjavíkurborgar.
28. október 2024	Rýni arðsemisstefnu, arðgreiðslustefnu og áhættustefnu. Rýni starfsreglna stjórnar. Skýrsla um framfylgd eigendastefnu. Umboð til boðunar eigendafundar.
25. nóvember 2024	Starfsáætlun stjórnar 2025, drög. F3 (9m) árshlutauppgjör. Innri endurskoðandi og endurskoðunarnefnd.
16. desember 2024 Þriðji mánudagur	Starfsáætlun stjórnar 2025 til samþykktar.

Dagsetningar uppgjóra eru með fyrirvara um kröfur borgarinnar um skil á uppgjörum.